

Í eldsvoða skipta fyrstu viðbrögð sköpum.

Ef boð koma frá brunaviðvörðunarkerfi	Kannið alltaf hvað veldur boðunum	Ef ekki eldur, þá endurstillið kerfið	Ef eldur er laus, skal strax sett í gang <u>Rýmingaráætlun</u>
---------------------------------------	-----------------------------------	---------------------------------------	---

Rýmingaráætlun fyrir Kös, heimavistarhús Menntaskólans að Laugarvatni.

Boð frá brunaviðvörðunarkerfi
Farið að stjórnstöð í anddyri.

Á upplýstum skjá á stöðinni sést frá hvaða skynjara boðin koma. Ýtið á „Stöðva hljóðgjafa“ og farið á staðinn til að kanna hvað olli hringingunni. Sé ekki um eld að ræða, farið þá aftur að stöðinni og þrýstið á „endursetja“. Kerfið fer þá sjálfkrafa aftur í viðbragðsstöðu.

Eldur:	Brjótíð strax næsta handboða, kerfið fer þá aftur í gang.	Ekki eldur:	Endurstillið kerfið.
---------------	---	--------------------	----------------------

Farið bjöllunar aftur í gang skal húsið rýmt samstundis af báðum hæðum

Kerfið er ekki tengt vaktstöð heldur hringir það beint í síma umsjónarmanns, svari hann ekki fer hringingin áfram til skólameistara og þaðan til vistarvarðar og síðan á aðra tvo.

1.	Hringja: Sé um eld að ræða þarf því að hringja strax í neyðarnúmer 112 Tala skýrt og greinilega, útskýrið hvar sé eldur í húsinu og hafa alveg á hreinu að viðkomandi viti hvaða bygging sé um að ræða.
2.	Bjarga: Bjargið sjálfum ykkur og nemendum, takið nafnalista á þeim sem út eru komnir. Reynið að komast að því hvort einhver hafi verið utan vistar t.d. í heimsókn heima við eða fjarverandi af öðrum ástæðum. Sé minnsti grunur um að einhver sé eftir inni skal reynt að finna út hvar hann sé helst að finna svo slökkvilið fái örugglega allar bestu upplýsingar þegar það kemur á staðinn
3.	Slökkva: Sé tryggt að enginn sé eftir í húsinu má reyna að slökkva eldinn ef hægt er að komast að honum vegna reyks eða hitamyndunar. Afar brýnt að yfirfara lokanir á gluggum og brunahurðum.

Rýmingaráætlanir.

Eldvarnir snerta alla – alla daga meira og minna. Heima, í vinnunni og nánast hvar sem er.

Eldvörnum er oft skipt í tvo flokka, **p.e. slökkvistarf og fyrirbyggjandi starf.** Slökkvistarfið hefur það að markmiði að bjarga því sem bjargað verður eftir slys eða eldsvoða. Fyrirbyggjandi starfið hefur aftur á móti þann tilgang að forða slysum eða a.m.k. að draga úr þeim eins og unnt er. Þessum markmiðum er reynt að ná með byggingatæknilegum aðgerðum, fræðslu og æfingum. Einnig með björgunaráætlunum og það með töldum rýmingaráætlunum.

Það hefur margoft komið í ljós að afar litlar líkur eru til þess að menn bregðist rétt við ef skyndileg hættuástand kemur að eins og til dæmis mikill eldur í byggingu. Líkurnar á réttum viðbrögðum verða þó mun meiri hafi menn gert sér grein fyrir hættunni og hugleitt viðbrögð. Best er að gera áætlun. Til þess að allir sem að málið snertir geti unnið samstíga verður áætlunin að vera skrifleg og ef menn vilja vera vissir um að hún sé raunhæf þarf að prófa hana. Einnig er oft nauðsynlegt að æfa áætlanir eða hluta þeirra til að þær geti talist öruggar.

Afgerandi þáttur í framkvæmd rýmingar er tíminn. Því þarf að leita leiða til að hún taki sem allra stystan tíma. Eins þarf að koma því þannig fyrir að hún geti hafist sem allra fyrst eftir að hættuástand skapast.

Þau atriði sem hafa þarf í huga við gerð rýmingaráætlunar eru m.a.

Fólksfjöldinn í húsinu (sem er mjög breytilegur eftir árstíðum – Skóli/hótel)

Hreyfigeta fólksins (fer einnig eftir því hvort er um að ræða skóla eða hótel)

Fjöldi aðstoðarfólks ef þörf er á og um er að ræða.

Rýmingarleiðir

Söfnunarstaður og lokastaður.

Tíminn til rýmingar.

Nauðsynlegt er að sem flest sjónarmið hinna ólíku hópa sem hafa með málið að gera komi fram.

Nokkur atriði sem hafa ber í huga við gerð rýmingaráætlunar fyrir Heimavistir Menntaskólans að Laugarvatni.

Kös

- 1. Fólksfjöldinn:** Nemendur skólans eru nú um 170 talsins og á skólatíma eru samtals á svæðinu um 20 – 25 starfsmenn. Er þar um að ræða kennara, starfsfólk í mötuneyti og þvottahúsi ofl. Allir nemendur eru vel ferðafærir og ætti því sá mannskapur að duga til að rýma húsið fljótt og vel með góðri samvinnu. Mikilvægt að það sé haft í algjörum forgangi og þá um leið að komast að því hvort einhver geti mögulega verið eftir inni. Sé það orðið ljóst að einhver muni enn vera inni ber að láta aðstandendur vita strax og upplýsa um ástandið. Listi með nöfnum aðstandenda ásamt símanúmerum ætti að vera tiltækur á a.m.k. 3 stöðum og er þá eðlilegt að það sé í skólahúsi, heima hjá skólameistara og heima hjá umsjónarmanni.
- 2. Hreyfigeta fólksins:** Gengið er út frá því að allir nemendur geti bjargað sér sjálfir og þurfi ekki aðstoðar við. Sé fatlaður einstaklingur í námi við skólann ber að aðstoða hann út eftir því sem þörf er á.
- 3. Fjöldi aðstoðarfólks:** Nokkuð breytilegt getur verið hve margir geta komið til aðstoðar. Á skólatíma eru vitanlega flestir í skólanum og heimavistin að mestu tóm. en komi upp eldur eftir kennslu þá eru mun fleiri í húsinu og erfitt getur reynst að fá nákvæma tölu þar sem um er að ræða tíma þar sem íþróttatímar standa yfir, valfög ofl. svo fjöldinn getur verið afar breytilegur í raun alveg til miðnættis eða svo en þá eru vitanlega flestir þar og sá tími sólarhrings því langhættulegastur.
- 4. Rýmingarleiðir:** Þær eru út um aðaldyr, einnig er nú búið að setja neyðarútganga við lengri gangenda á báðum hæðum í báðum álmum. Þar að auki eru stór opnanleg fög á þeim herbergjum í húsi 1 á Nös sem eru við stuttu gangendana. Þar má því með góðu móti koma sér út og af efri hæðum eru fellistigar boltaðir í vegginn við þessi herbergi.
- 5. Lokastaður:** Hann hefur ekki verið valinn endanlega. Nokkrir staðir koma til greina en líklega er best að stefna að því að allir komi saman í aðalbyggingu skólans sem er um 100 metra frá vistum. Standi vindátt beint á skólann yrði það Héraðsskólahúsið. Þar komast allir fyrir undir sama þaki og betra að halda utan um hópinn.
- 6. Tíminn til rýmingar:** Tíminn til rýmingar er ekki mikill vegna þess að eldur þróast hratt ef ekkert er að gert. Húsið er ágætlega byggt og stenst í öllum megin atriðum kröfur brunaeftirlits. Brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu og þar af leiðandi á eldur að uppgötvast strax á byrjunarstigi, sem gefur meira svigrúm til rýmingar.

Viðvörðunarkerfi

Boð frá brunaviðvörðunarkerfi.

Á heimavistinni er brunaviðvörðunarkerfi. Ef boð koma frá kerfinu er mikilvægt að bregðast alltaf við og athuga hvað veldur boðunum. Hugsuð aldrei að einhver annar eigi að kanna málið, gangið alltaf strax úr skugga um að það hafi verið gert.

Athugið!

Brunaviðvörðunarkerfið er tengt sínum umsjónarmanns, skólameistara, vistarvarðar og tveggja annara. Þeir bregðast við boðum samstundis og ber sá sem kemur fyrstur að kerfinu ábyrgð á því að kanna málið. Það rýrir ekki ábyrgð annarra starfsmanna á því að ganga úr skugga um að örugglega sé verið að vinna í málinu.

Sá sem kemur að stöðinni í hringingu þarf að gera eftirfarandi:

1. Þrýstið á „stöðva hljóðgjafa“ og hættir þá bjölluhringingin
2. Á upplýstum skjá sést þá hvaða skynjari setti kerfið af stað og í hvaða herbergi.
3. Kannið hvað olli eldboðunum
4. Farið aftur að stöðinni og þrýstið á „endursetja“ og fer stöðin þá aftur í viðbragðsstöðu.

Sem betur fer er langlíklegast að um falsboð sé að ræða. Engu að síður er mikilvægt að finna skynjarann sem olli boðunum og athuga hvað olli því. Hugsanlegt er að ryk hafi farið í hann, einnig getur sveifla í rafmagni sett kerfið af stað ofl. Gott að skrifa í þjónustubók öll falsboð en stöðin geymir í minninu allar hreyfingar svo það er ekki nauðsynlegt.

Raunveruleg eldboð:

Ef kemur í ljós að eldur er laus í rýminu sem boðin komu frá skal þegar í stað vara alla í húsinu við með því að brjóta næsta handboða eða fara í stöðina og þrýsta á „Rýmið húsið“ og ætti þá kerfið að fara í gang að nýju. Það skal vera merkið sem allir eiga að skilja á þann veg að yfirgefa húsið þegar í stað samkvæmt rýmingaráætlun sem á að vera í ramma í hverju herbergi. Aldrei skal hika við að tæma húsið sé minnsti grunur um eld, betra að taka ákvörðun um það fyrr en seinna.

Jafnvel þó takist að slökkva eldinn strax getur verið nauðsynlegt að leita aðstoðar slökkviliðs til að reykraesta húsið og meta hvort hætta er á frekari eldi.

Rýmingaráætlun

Stjórnun:

Mikilvægt er að alltaf sé á hreinu hver á að stjórna rýmingu og aðgerðum á staðnum þangað til slökkvilið kemur. Það skal vera **skólameistari eða aðstoðarskólameistari í fjarveru hans**. Séu þeir báðir fjarverandi er það umsjónarmaður fasteigna. Þegar slökkvilið kemur á staðinn tekur Varðstjóri Brunavarna yfir alla stjórn á staðnum meðan á slökkvistarfi stendur. Afar mikilvægt að hann sé upplýstur eins nákvæmlega og unnt er um stöðu mála – hvar er eldur, er einhver saknað, hvar er þá viðkomandi hugsanlega í húsinu?

Röð á aðgerðum:

- Hringja:** Kalla til aðstoð, ef allt er með felldu hefur kerfið hringt í síma stjórnenda og þeir kannað hvað valdi boðunum. Sé um eld að ræða skal hringja án tafar í **neyðarnúmerið 112**. Talið skýrt og rólega, útskýrið vandamálið og umfang þess. Takið fram ef einhver hefur slasast eða er saknað. Tilgreinið hvaða hús er um að ræða svo klárt sé að enginn misskilningur geti verið.
- Bjarga:** Algjöran forgang skal setja í það að rýma húsið, vistarverðir sem eru á vakt til kl. 03.00 stjórna því komi eldur upp á þeim tíma. Umsjónarmaður býr við hlið húsanna og kemst á vettvang á skömmum tíma fari kerfið í gang eftir það og mun þá stýra rýmingu. Afar brýnt að fara vel yfir hvort mögulega séu einhverjir eftir inni. Húsið er tvær hæðir og því auðvelt að komast að gluggum utanfrá með stigum sem staðsettir eru í vörumóttöku í skólahúsi séu líkur til að einhverjir hafi ekki komist út úr sínum herbergjum. Ef í ljós kemur við nafnakall eða eftirgrennslan að einhver er enn inni á brunastað er mjög mikilvægt að þær upplýsingar berist strax til neyðarlínu og slökkviliðs.
- Slökkva:** Þegar stjórnandi sér að 1. og 2. liður á planinu eru að klárast og ef einhver er tiltækur skal hefja slökkvistarfi. Rjúfið straum af húsinu ef hægt er að komast að töflunni. Hún er staðsett í töfluherbergi undir stiga í húsi 1 (álman sem er næst skóla) Slökkvitæki eru staðsett á hverjum gangi. Í húsi 1 eru þar að auki brunaslöngur.
- Slökkvilið kemur á staðinn:** Yfirmaður gefur stjórnanda slökkviliðs upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi orðið eftir inni og mögulega staðsetningu þeirra. Einnig sem nákvæmasta lýsingu á upptökum eldsins og hvar hann sé mestur í húsinu.
- Láta foreldra vita:** Hafa samband við foreldra eins fljótt og kostur er til að tryggja að upplýsingar berist um atburðinn berist eftir réttum leiðum.
- Sálrænn stuðningur:** Skólameistari metur hvort leita þurfi eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita börnum, starfsfólki og/eða foreldrum sálrænan stuðning eða áfallahjálp.

Heimavistarhús ML

Grunnteikning af báðum heimavistum Menntaskólans.



Heimavistarhúsið Kös Menntaskólanum að Laugarvatni.



Rýmingaráætlun